

Öruggari borg fyrir hinsegin fólk - málþing

Opið málþing um öryggi hinsegin fólks í Reykjavík á Listasafni Íslands 29. október 2025. Málþingið hefst kl 09:00 og lýkur 11:30. Húsið opnar 8:30.

Kynntar verða niðurstöður rannsóknarinnar Öruggari hinsegin borgir (Safer Queer Cities) á vegum Nordic Safe Cities í samstarfi við Reykjavíkurborg sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni í gegnum NIKK – norræna LGBTI sjóðinn.

Rannsóknin felur í sér greiningu á orðræðu á netinu um hinsegin málefni. Þar má sjá birtingarmyndir haturs og áreitni sem geta verið með ýmsum hætti allt frá niðrandi athugasemdum til hótana og neteineltis sem getur valdið fólki vanlíðan, dregið fram skaðlegar staðalímyndir og alið á rangfærslum um hinsegin fólk.

Kaffiveitingar í boði frá 8:30.

Dagskrá:

09:00 Borgarstjóri, Heiða Björk Hilmisdóttir, setur málþingið.

09:05 Ingvild Endestad, frá Nordic Safe Cities, kynnir niðurstöður rannsóknarinnar.

09:40 Erindi frá Trans Ísland, félagasamtök

09:55 Umræður á borðum

- Ræddar verða aðgerðir til að bregðast við hatursorðræðu.

Öll velkomin en vinsamlegast skráið ykkur hér: <https://forms.office.com/e/5iKXytukme>

Námskeið í gagnræðu fyrir starfsfólk og borgarfulltrúa

Þér er boðið á námskeið í [gagnræðu](#) í gegnum verkefnið Öruggari hinsegin borgir, þann 29. október frá 11:40- 13:20 á Listasafni Íslands.

Námskeiðið heldur Þorbjörg Þorvaldsdóttir frá Samtökunum '78 með stuðningi frá Nordic Safe Cities og Cybernauterne. Gagnræða er öll tjáning sem miðar að því að minnka áhrif skaðlegrar og hatursfullrar orðræðu á samfélag og einstaklinga. Í reynd felur gagnræða í sér að við tökum þátt í umræðunni með meðvituðum hætti.